

um fiskeldi í sjó.

Flm.: Sverrir Hermannsson, Matthías Bjarnason, Pétur Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að veita Fiskifélagi Íslands nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning til þess að:

1. Hafa sérmenntaða menn á sviði fiskeldis í þjónustu sinni.
2. Láta fara fram tilraunir með eldi fisks í sjó á þeim stöðum við landið, sem vænlegt er talið.
3. Kynna sér sams konar starfsemi erlendis og hagnýta þá þekkingu við íslenskar aðstæður.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur mikið verið rætt og ritað um fiskrækt í fjörðum og sjávarlónum sem nýja og upprennandi atvinnugrein. Þá hafa verið lagðar fram á Alþingi þingsályktunartillögur um þessi mál og aðallega rætt um lokun fjarða og sjávarlóna, þar sem fiskrækt skyldi stöðan hafin í stórum stíl. Þessi almenni áhugi á fiskrækt í sjó varð til þess, að fiskimálastjóri þáði boð brezku fiskimálastofnunarinnar um að skoða fiskeldisstöðvar stofnunarinnar í Ardtoe á vesturströnd Skotlands og í Hunterston við Clydefjörð. Brezka fiskimálastofnunin hefur um árabíl starfað að tilraunum og rannsóknum á þessu sviði.

Í beinu framhaldi af þessu fékk Fiskifélag Íslands Gordon Eddie, tæknilegan forstjóra brezku fiskimálastofnunarinnar, til að flytja erindi hér á landi um þessi mál (sjá sérprentun Ægis, 22. tbl. 1970). Hin brezka stofnun lofaði aðstoð við Íslendinga í þessum málum og bauðst meðal annars til að taka á móti Íslendingum til fræðslu. Þar sem stjórn Fiskifélagsins hafði fyrir sitt leyti ákveðið að beita sér fyrir tilraunum hér á landi með klak og eldi sjávarfiska og sótt um styrk til Alþingis í því skyni, var ákveðið að þiggja þetta boð. Ingimar Jóhannsson vatnalíf-fræðingur kynnti sér starfsemi brezku stofnunarinnar og dvaldist þar um tveggja mánaða skeið. Fullyrða má, að árangur af tilraunastarfsemi Breta er mjög athyglisverður og full ástæða til að fylgjast með framförum á þessu sviði, enda ýmsar þjóðir þegar farnar að hagnýta sér árangur af tilraunum þeirra.

Enn sem komið er eru þessar tilraunir þó ekki komnar á það stig, að eldi þessara fisktegunda, þ. e. a. s. kola og sandhverfu, séu fjárhagslega arðbærar, en allt stefnir þó í rétta átt.

Þá hefur Ingimar dvalizt á Norðurlöndum um nokkurra mánaða skeið á vegum Fiskifélagsins og kynnt sér fiskrækt í söltu vatni. Er hér um að ræða ræktun laxfiska í sjó, og hefur Norðmönnum orðið mjög ágengt í þeim efnum. Segja má, að ræktun laxfiska sé orðin atvinnugrein í Noregi, og viðtækar tilraunir hafa verið gerðar á þessu sviði í Bandaríkjunum og víðar. Þá rækta Japanir mikið magn af ýmsum fisktegundum, og hefur fiskeldi í sjó tekið mjög örum framförum þar í landi og er þar stór atvinnugrein.

Það er því full ástæða til, að hafizt verði handa í þessum efnum hérlendis, þar sem eldi laxfiska og fleiri fisktegunda í sjó gæti ef til vill orðið arðbær atvinnuvegur á Íslandi. Nú þegar eru hafnar tilraunir á þessu sviði í Hvalfirði. Um mánaðamótin júní/júlí 1972 var um 5000 laxaseiðum sleppt í flotkví við Hvammsey í Hvalfirði. Þar hafa seiðin síðan verið alin á þurrfóðri, framleiddu í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins af dr. Jónasi Bjarnasyni.

Segja má, að enn sem komið er hafi tilraun þessi tekizt vel, fiskurinn dafnað vel og afföll litil. Stærstu fiskarnir eru nú 400—500 grömm, en meðalþungi 300 g. Má geta þess, að í upphafi var þungi seiðanna aðeins 25 g, þannig að þarna er um verulega þyngdaraukningu að ræða og fyllilega sambærilega við þær tilraunir, sem gerðar hafa verið í þessum efnum í Noregi.

Áætlað er, að tilraunin haldi áfram í um það bil ár til viðbótar, en þá má búast við, að fiskurinn hafi náð söluhæfri stærð eða um 3—4 kílóa þunga.

Það, sem fyrst og fremst liggur fyrir að gera í þessum efnum, er:

- a) Tilraunir þær, sem hafnar eru, geti haldið áfram og verði auknar, þar sem reynsla fengin þaðan gæti síðar orðið dýrmæt.
- b) Að kanna og kortleggja heppilega staði umhverfis landið fyrir fiskeldi í sjó. Gerðar verði ýmsar frumathuganir, svo sem hita- og seltumælingar, sem ná yfir langt tímabil, og aðrar athuganir, sem að gagni mættu koma.
- c) Að unnt verði að halda uppi leiðbeininga- og upplýsingamiðlun.

Fyrir því er tillaga þessi flutt.